



Faghópur I

Fundargerð 18. fundar

Orkustofnun, 29. október 2009, kl. 9:00-13:30.

Mætt: Þóra Ellen Þórhallsdóttir (kl. 9:00-13:30), Freysteinn Sigmundsson (kl. 11:00-12:00), Hilmar J. Malmquist (kl. 9:00-13:30), Kristinn Haukur Skarphéðinsson (kl. 9:00-13:30), Sólborg Una Pálsdóttir (10:00-13:30) og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.

Forföll: Magnús Ólafsson.

Fundarfrásögn

- Fundargerðir.** Fundargerð síðasta fundar var samþykkt. Athugasemdir þóru við fundargerð frá 10. sept. voru samþykktar.
- Skilgreiningar viðfanga.** Kl. 9:00 hittust Þóra, Hilmar og Kristinn til að samræma og ganga frá skilgreiningum á viðmiðum gagnvart viðfanginu lífverur/tegundir. Niðurstaðan varð eftirfarandi:

Samþykkt var að bæta við viðmiðinu „**Stærð, samfella, heild, upprunaleiki**“. Það metið fyrir einstaka lífveruhópa og skilgreint hvaða þættir eru metnir:

- Upprunaleiki á við um fiska og spendýr og er skírskotað til innflutnings á spendýrum til landsins (hreindýr og minnkur) og flutning (sleppingar og fiskvegir) á laxfiskum á ný svæði, jafnan fisklaus.
- Stærð (stofnstærð/þéttleiki einstakra tegunda) á við um fugla, fiska, vatnahryggleysinga og spendýr.
- Samfella verður ekki metin fyrir neinn lífveruhóp enda ekki talin eiga við.
- Heild verður ekki metin fyrir neinn lífveruhóp enda ekki talin eiga við.
- Alþjóðleg ábyrgð verður metin fyrir fugla, lax og spendýr (m.a. Ramsar, Bern og NASCO).

Vogtölur fyrir einstök undirviðföng verði:

- Auðgi: 0,3
- Fágæti: 0,3
- Stærð: 0,2
- Alþjóðleg ábyrgð: 0,2

- Ný drög að verðmætamati fiska og smádýra.** Hilmar kynnti ný drög að verðmætamati fyrir fiska og vatnahryggleysingja á vatnasviðum vatnsafskosta. Um er að ræða vinnugagn sem ekki verður sett inn á vinnusvæði heimasíðu.
- Fuglalíf á vatnsaflossvæðum.** Kristinn Haukur kynnti drög að mati á verndargildi fuglalífs á vatnsaflossvæðum, ásamt fyrstu einkunnum. Um er að ræða vinnugagn sem ekki verður sett inn á vinnusvæði heimasíðu.

5. **Mat á gæðum gagna.** Ákveðið var að meta gæði gagna gagnvart matsvinnunni. Skali verði eftirfarandi: A = Góð gögn. B = Sæmileg gæði gagna. C = Takmörkuð gögn. D = Engin gögn.

6. **Fundaáætlun til jóla (vinnuferð í janúar).**

5. nóv.: Kynning Landsvirkjunar á 6-8 virkjunarkostum. Viðbótarmeðlimir er koma að mati með faghópnum verði boðaðir á fundinn. Starfsmaður sendi út tölvuskeyti til þeirra um hvort þeir sjái sér fært að mæta..

12. nóv.: Menningarminjar (Sólborg) og jarðminjar (Freysteinn og Magnús)

19. nóv.: Kynning á virkjunarkostum.

26. nóv.: Vistgerðir og lífríki háhitasvæða.

3. des.: Landlag

10. des.: Heilsdagsfundur; Einkunnargjöf verðmætamats.

11. des.: Hálf dagsfundur: Einkunnargjöf verðmætamats (frh.)

8.-10. jan.: 3ja daga vinnuferð til að ljúka áhrifsmati. (Annað hvort í Skagafirði eða Borgarfirði.)

7. **Kynning á virkjunarkostum.** Kynning á virkjunarkostum verði á almennum nótum og taki ca. 15-20 mín á hvern kost. Farið er fram á að svör verði m.a. veitt við eftirtöldu:

1. Niðurdráttur – flatarmál lóna í hæstu og lægstu stöðu(sveifluútslag)
2. Tímasetningar á lágmarks og hámarksstöðu (hvenær fyllist lónið?)
3. Aurburður og líftími lóna – upplýsingar ef dæla á uppsöfnun upp úr lónunum, hversu mikið og losunarstaður.
4. Áætluð skerðing á rennsli neðan veitumannvirkja (sumar/vetur)
5. Áformuð línu- og vegastæði (spenna á línunum = þumalputtaregla?)
6. Áætluð umhverfisáhrif.

8. **Fundi var slitið** kl. 13:30.